Raychem endagreining

Tegund AB/G-1

fyrir

16-95mm² AXAL-TT PRO streng.

Mynd 1.

Fjarlægið kapalkápuna í þeirri lengd sem aðstæður krefjast.

Aðgreinið straumleiðara frá skermþráðum.

Beygið skermþræði hornrétt út frá kapalkápu.



Mynd 2.

Skerið einangrun af skermþráðum á um 70mm kafla frá kapalkápuenda.

Opnið einungis inn á skermþræðina.

Skermþræðirnir særast auðveldlega.



Mynd 3.

Klippið koparvírinn í 3 jafna hluta.

Vefjið þéttingsfast í spíral, beygið endann niður í lokin og klippið.

Gætið þess að snúa koparvírnum langs eftir spíralnum, eins og sýnt er á myndinni.



Mynd 4.

Vefjið einu rauðu mastiki frá þeim stað sem greinihólkurinn nær til.

Ekki teygja á mastikinu.

Leggið skermþræði aftur og festið með einangrunarbandi.

Látið koparvíra snúa fram eftir straumleiðurum.



Mynd 5.

Vefjið fortinaðri kopargrisjunni 5-6 hringi utan um skermþræðina.



Mynd 6.

Vefjið jarðfjöður um miðja kopargrisjuna og festið endann niður með einangrunarbandi.



Mynd 7.

Vefjið síðara rauða mastikinu yfir einangrun skermþráðanna.

Ekki teygja á mastikinu.



Mynd 8.

Rennið greinihólkinum upp á straumleiðarana og látið viðeignandi koparvír fylgja stramleiðaranum í gegn.



Mynd 9.

Þrýstið greinihólkinum vel uppá strengendann.

Sjáið til þess að greinihólkurinn nái yfir rauða mastikið.



Mynd 10.

Byrjið að hita greinihólkinn frá miðju hans.

Færið hitun til hliðanna til skiptis svo efnið verði ekki fyrir yfirborðsbruna.



Mynd 11.

Rauða mastikið hitnar undan greinihólkinum og fyllir á milli skermþráðanna. Vatnsvörn er einnig að finna innan í greinihólkinum.



Mynd 12.

Færið logann hratt yfir greinihólkinn þar til hann er fullherptur. Full herping er augljós þegar útlínur innihaldsins verða skýrar.



Mynd 13.

Heflið hálfleiðandi lagið og pexið af fyrir streng-skóinn (-klemmuna) samkv. leiðbeiningum endabúnaðar.



Mynd 14.

Klippið leiðandi slönguna í þrjá jafna hluta.

Rennið upp á hvern straumleiðarna. með koparvírnum innan í líka.

Látið leiðandi slöngurnar ná yfir enda greinihólksins.



Mynd 15.

Hitið leiðandi slöngurnar út frá miðju þeirra til að varna myndun lofts inni í slöngunum.

Togið örlítið í koparvírinn við herpingu til að koma í veg fyri hlykki og ljóta herpingu.



Frágangi endagreiningar er lokið og við taka leiðbeiningar endabúnaðar.